

Þó skulu ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., b-liðar 8. gr., 11. gr., 14. gr., 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 20. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1989 vegna tekna á árinu 1988 og eigna í lok þess árs.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. gr. laga nr. 49/1986, um þjóðaráttak til byggingar þjóðarabókhlöðu, með síðari breytingum, skal skattskyld mark til sérstaks eignarskatts vegna álagningar á árinu 1989 vera 4.250.000 kr.

#### II.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. laganna skal tekjuskattur manna reiknast 30,8% af tekjuskattsstofni við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1989 og við álagningu tekjuskatts á árinu 1990 vegna tekna ársins 1989.

*Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## L Ö G

**um breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda,  
með síðari breytingum.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við 6. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., og orðast svo:

Launamanni skv. 2. tölul. 4. gr. ber að tilkynna skattstjóra um áætlaðar tekjur sínar á staðgreiðsluári, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, fyrir 20. janúar ár hvert, í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

#### 2. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

##### a. 3. mgr. orðast svo:

Á skattkorti skulu, auk upplýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr., koma fram upplýsingar um hlutfall persónuafsláttar. Ríkisskattstjóri skal auglýsa skatthlutfall og fjárhæð persónuafsláttar fyrir upphaf hvers staðgreiðsluárs, svo og ef breytingar verða á staðgreiðsluári. Ráðherra getur í reglugerð sett ákvæði um hlutfallslega skiptingu persónuafsláttar sem draga skal frá staðgreiðslu á hverju greiðslutímabili.

##### b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ríkisskattstjóra er heimilt að ákveða að útgáfa skattkorta samkvæmt 1. mgr. falli

niður, enda gildi áður útgefin skattkort það ár sem skattkortaútgáfan fellur niður, þó ekki skattkort skv. 5. og 6. mgr. 12. gr. Þó skal gefa út skattkort til þeirra aðila er ekki hafa áður fengið skattkort en öðlast hafa rétt til þess.

## 3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. laganna:

- a. 2. másl. 5. mgr. fellur niður.
- b. Í stað „20%“ í 6. mgr. kemur: 50%.

## 4. gr.

Við 2. mgr. 14. gr. laganna bætist nýr máslíður svohljóðandi:

Skattstjóra er heimilt að ákveða að laun hvers almanaksmánaðar séu hærri en  $\frac{1}{12}$  hluti árlegs endurgjalds, enda liggi fyrir samþykkt greinargerð launamannsins.

## 5. gr.

Í stað orðanna „innan tíu virkra daga frá tilkynningu“ í 4. mgr. 28. gr. laganna kemur: innan 15 daga frá og með dagsetningu tilkynningar.

## 6. gr.

Síðari máslíður 6. mgr. 28. gr. laganna orðast svo:

Innan 15 daga frá og með dagsetningu úrskurðar skattstjóra er heimilt að áfrýja mati hans til ríkisskattstjóra sem kveður upp endanlegan úrskurð.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. desember 1988.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.*

## L Ö G

**um breyting á lögum nr. 65/1982, um skattskyldu innlánsstofnana,  
með síðari breytingum.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Viðskiptabankar, sparisjóðir og veðdeildir við innlánsstofnanir skulu með þeim takmörkunum, er síðar greinir, skyldir til þess að greiða tekjuskatt af öllum tekjum sínum, hvar sem þeirra er aflað, og eignarskatt af öllum eignum sínum, hvar sem þær eru, í samræmi við ákvæði laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Skattskyldan tekur til þessara aðila sem lögaðila skv. 2. gr. laga nr. 75/1981 þrátt fyrir